

13. gr.

Enginn má reisa bryggju eða önnur hafnarmannvirki við höfnina nema með leyfi hreppsnefndar sem ávallt fær tillögur hafnarnefndar áður en hún veitir slík leyfi. Bryggjugjald sem um getur í 7. gr. greiða þeir bátar jafnt sem nota slík hafnarmannvirki.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10 til 400 krónum, nema þyngri refsing liggja við, samkvæmt almennum lögum. Öll gjöld og sektir samkvæmt reglugerð þessari hafa lögtaksrétt.

15. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara sem almenn lög-
reglumál.

16. gr.

Hafnarsjóður Hnífsdals yfirtekur eignir og skuldir Lendingarsjóðs Hnífs-
dælinga.

17. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim
sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. apríl 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

um innflutning og sölu á trjáplöntum og trjáfræi.

Samkvæmt lögum frá Alþingi yfirstandandi árs, um einkarétt ríkisstjórn-
arinnar til þess að flytja trjáplöntur til landsins, og um eftirlit með innflutningi
trjáfræs, hefir ríkisstjórnin ein heimild til þess að flytja til landsins hverskonar
trjáplöntur, og tekur sú heimild til plantna af öllum tegundum runna, nema
rósa. Ennfremur tekur ríkisstjórnin að sér eftirlit með innflutningi á trjáfræi.

Skógrækt ríkisins er falið að sjá um innkaup og innflutning erlendra trjá-
plantna, eftir því sem þörf krefur, og geta menn snúið sér til skógræktarstjór-
ans um kaup á þeim. Skógræktin selur plönturnar bæði í heildsölu og smásölu,
en öll álagning skal ákveðin af ríkisstjórninni.

Samkvæmt framansögðu er því öllum öðrum en skógræktinni frá þessum

35 tíma óheimill innflutningur á trjájurtum að viðlögðum sektum samkvæmt téd-
11. apríl um lögum.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. apríl 1935.

Hermann Jónasson.

Vígfús Einarsson.

36
15. apríl

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð 14. júní 1933 um raforkuvirki.

Samkvæmt lögum nr. 83, 23. júní 1932 um raforkuvirki eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði.

Síðasta málsg. 146. gr. orðist þannig:

Sá er fær leyfi, samkvæmt þessum (b) lið, 1., 2. og 3. tölulið, til rafvirkja-
starfa, skal fá leyfisbréf, sem rafmagnseftirlitið gefur út um tiltekinn tíma allt
að tveim árum eða eftir atvikum um ótiltekinn tíma ef rafmagnseftirlitið telur
það nauðsynlegt, enda getur rafmagnseftirlitið tekið leyfið af leyfishafa hvenær
sem er, ef hæfni hans eða vandvirkni reynist ófullnægjandi að dómi þess, eða
því af öðrum ástæðum þykir rétt að svipta hann leyfinu.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem
hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. apríl 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

37
16. apríl

REGLUGERÐ

um vélgæzlupróf á íslenskum mótorskipum.

1. gr.

Prófið skal haldið í Reykjavík, á þeim stað, sem atvinnumálaráðuneytið
ákveður, í miðjum desember ár hvert og aukapróf ef atvinnumálaráðuneytið
sér ástæðu til.

Ráðuneytið auglýsir prófið að minnsta kosti mánuði áður en það byrjar.

2. gr.

Sá, sem óskar að ganga undir prófið, skal senda umsókn til atvinnumála-
ráðuneytisins um það, í minnsta lagi 7 dögum áður en prófið byrjar.